

hann sjálfan blessaðan sannleikspostula, líkt honum við »iðrandi syndara« og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og hefur allt þetta komið fram opinberlega fyrir rjetti. Þó orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans gegn áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli, vott um, að hann hafi borið svo mikinn óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu gegn áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurð 5. apríl 1894 og dæma ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 5. apríl 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeradsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Nr. 48/1894:

Skúli Thoroddsen
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er í hjeradi höfðað af ritstjóra Birni Jónssyni gegn sýslumanni Skúla Thoroddsen, rit-

stjóra blaðsins »Þjóðviljans unga«, út af ýmsum ummælum um stefnda í 27. tölubl. nefnds blaðs, er út kom í Reykjavík 7. sept. 1893. Var málið dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 13. júní f. á. á þá leið, að Skúli Thoroddsen var dæmdur til að greiða 20 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta 6 daga fangelsi, ýms átalín ummæli í blaðgreininni voru dæmd ómerk og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað 10 kr. Þessum dómi hefur Skúli Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, 1. nóv. f. á., og jafnframt úrskurði upp kveðnum í málinu 5. apríl 1894, en með úrskurði þeim neit-
 adi undirdómarinn að víkja úr dómarasæti eptir kröfu áfrýjanda, og hefur hann nú krafizt þess, að tjeður úrskurður verði úr gildi felldur og undir-
 dómarinn skyldaður að víkja úr sæti í máli þessu, en öll eptirfarandi meðferð málsins ásamt hinum áfrýjaða dómi dæmt ómerkt, en til vara, að dóm-
 urinn verði úr gildi felldur og áfrýjandi algjörlega sýknaður af kröfum stefnda; svo hefur hann kraf-
 izt þess, að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, ritstjóri Björn Jónsson, krafizt þess, að undirrjettardómurinn og hinn áfrýjaði úr-
 skurður verði staðfestur og að honum verði til-
 dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi skadlaust.

Áfrýjandinn krafðist þess fyrir undirrjettinum, eins og getið er um að framan, að hjeradsdómar-
 inn Lárus Bjarnason viki úr dómarasæti í málinu, með því að hann hefði sýnt sig beran í fjandskap

við áfrýjanda, og vitnaði hann í því efni til framkomu dómaraans í öðru máli, þar er hann og áfrýjandi voru málsviðeigendur. Samkvæmt útdrætti úr tjeðu máli, sem hefur verið framlagður, hefur hjeradsdómarinn fyrir rjetti í nóvembermán. 1893, þar er hann mætti sem vitnastefndur, skömmu áður en fyrirliiggjandi mál var fyrirtekið, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málsfærslumanni, að hann álitir hann ekki svo heiðarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti, að heiðvirðum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann, kallað hann »einfaldan tyro juris«, borið honum á brýn »götudrengjatilgátur«, og kallað blað hans »götublað«, nefnt hann »marghrjáðan krossbera«, »saklausu lambið« og að öðru leyti talað mjög óvirðulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og allt þetta hefur hann gjört opinberlega fyrir rjetti. Þó að orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómaraans gegn áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómaraans sem stefnda í tjeðu vitnamáli, vott um, að hann hefur borið svo mikinn óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu móti áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurð 5. apríl 1894 og dæma ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 5. apríl 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeraðsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. júnímánaðar.

Nr. 12/1895:

Rjettvísinn

gegn

Ólafi Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Ísafjardarkaupstaðar, gengnum 1. desbrmán. f. á., var hinn ákærði, húsmadur Ólafur Ólafsson á Ísafirði, í máli, er höfðað hafði verið gegn honum fyrir rangan vitnaframburð og meinsæri, dæmdur samkvæmt analogíu 149. gr. almenura hegningarlaga 25. júní 1869 í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til talsmanns síns í hjeraði, sýslumanns Skúla Thoroddsens, 5 krónur, en dómi þessum hefur eptir ósk ákærða og af hálfu hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Í sakamálsrannsókn, er hafin var í júnímán. 1892 gegn sýslumanni í Ísafjardarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði Skúla Thoroddsen út af grunsemdum, að hann í janúarmán. næst á undan (1892)